LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Baldur P. Erlingsson
Sjávarútvegshúsinu

Reykjavík 18. apríl 2017

Málefni: Afstaða LS við beiðni forráðamanns Vignis G. Jónssonar hf um fjölgun veiðidaga á grásleppuvertíðinni 2017

Það er skoðun LS að ekki eigi að fjölga dögum á grásleppuvertíðinni 2017 meira en orðið er.

Greinargerð:

Það er mat LS að tillaga Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla séu ekki skilaboð um að nauðsynlegt sé að veiða það magn.

LS bendir á að mælingar Hafrannsóknastofnunar sýndu að minna er af grásleppu nú en í fyrra. Það hafa sjómenn sannreynt og er því full ástæða til að fara varlega á þessari vertíð.

Ómögulegt er að segja til um hverju vertíðin skilar. Á vertíðinni 2015 bentu kaupendur á að alltof mikið mundi veiðast og nefndar voru 15 – 16 þúsund tunnur. Niðurstaðan varð hins vegar 12.200 tunnur.

Á það skal bent að veiðar eru ekki hafnar í Breiðafirði sem hefur jafnan skilað góðri veiði.

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri